

376. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 21. maí 2025 kl. 16:00.



Mætt: Willum Þór Þórsson forseti, Anton Sveinn McKee, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Sigurjón Sigurðsson, Trausti Gylfason, Þórdís Anna Gylfadóttir, Þórey Edda Elísdóttir, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs og Helga Þórðardóttir lögfræðingur.

Teams: Daníel Jakobsson, Hafsteinn Pálsson, Heimir Örn Árnason, Hjördís Guðmundsdóttir.
Forföll: Elsa Nielsen, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Viðar Garðarsson.

Dagskrá:

Willum Þór Þórsson, nýkjörinn forseti ÍSí, bauð alla velkomna til fyrsta fundar þessarar framkvæmdastjórnar ÍSí og óskaði nýkjörnum meðstjórnendum innilega til hamingju með kjörið.

Gengið til dagskrár undir stjórn forseta:

1. Íþróttaping ÍSí

Forseti lýsti yfir ánægju sinni með afstaðið þing og framkvæmd þess. Farið var yfir samþykktir þingsins.

Breytingar á lögum ÍSí

Helga Þórðardóttir lögfræðingur fór yfir helstu breytingar sem gerðar voru á lögum ÍSí en lagabreytingar voru nokkuð umfangsmiklar að þessu sinni. Bæði var verið að treysta ýmsar heimildir í lögnum og eins samræma og skýra ákvæði. Nú tekur við vinna við þýðingu laganna til yfirlesturs hjá IOC og að koma helstu breytingum á framfæri út í hreyfinguna. Í einhverjum tilfellum kalla lagabreytingarnar á breytingar á regluverki annarra eininga í hreyfingunni.

Forseti þakkaði Helgu fyrir yfirferðina.

Hann upplýsti að Sigurjón Sigurðsson meðstjórnandi hafi, í ljósi breytinga sem gerðar voru á lögum ÍSí á þinginu, sagt sig frá störfum í stjórn UMSK.

Umræður urðu um lagaákvæðið og gildistíma þess.

Almennar samþykktir

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir allar samþykktirnar sem fjallað var um í allsherjarnefnd þingsins.

Í þeim felast margvísleg verkefni fyrir sambandið og áherslur til næstu tveggja ára.

Einnig fór hann yfir samþykktir er varða afrekstengd málefni sem og fjárhagslegar samþykktir.

Umræður urðu um einstaka samþykktir.

Samþykkt var að taka saman minnisblað í tengslum við samþykkt um félagakerfi fyrir næsta fund framkvæmdastjórnar, til glöggvunar fyrir framkvæmdastjórn á umfangi málsins.

Umræður urðu um þau skilaboð frá þinginu að ÍSí þurfi að bæta samskipti og upplýsingaflæði út í íþróttahreyfinguna. Rætt var um mikilvægi þess að vinna að lausnum og úrbótum í þeim efnum með markvissum hætti og ýmsar tillögur þar að lútandi ræddar.

Fjárhagslegar samþykktir

Forseti ræddi fjárhagslegar samþykktir þingsins og þá stöðu að framkvæmdastjórn væri ætlað að ákveða kjör og starfsgildi forseta ÍSí, samkvæmt samþykkt þingsins. Sagðist hann telja heppilegra að færa það verkefni armslengd frá framkvæmdastjórn og til smærri hóps einstaklinga sem hefðu góða þekkingu á slíkum málum.

Samþykkt að tilnefna með aðstoð skrifstofu, sérstaka 3 manna nefnd til að fjalla um starfskjör forseta. Tillaga um skipan nefndarinnar verður lögð fyrir framkvæmdastjórn til afgreiðslu. Nefndinni er ætlað að koma með tillögu til framkvæmdastjórnar í samræmi við heimild þar um. Jafnframt telur framkvæmdastjórn mikilvægt að næstkomandi íþróttaping ákveði æskilegan feril um slíka ákvörðunartöku og starfskjör forseta.

2. Störf stjórnar

Forseti ræddi starfsreglur framkvæmdastjórnar, sem hver stjórn setur sér.

Í starfsreglum nýkjörinnar framkvæmdastjórnar þarf að horfa til breytinga sem gerðar voru á lögum ÍSí og fjalla um starfsreglur framkvæmdastjórnar. Eins þarf að hafa til hliðsjónar ábendingar vinnuhóps ÍSí um góða stjórnarhætti sem var að störfum á milli þinga.

Framkvæmdastjórn falið að skoða starfsreglur fráfarandi framkvæmdastjórnar á milli funda.

Rætt um fyrirkomulag framkvæmdastjórnarfunda, gagnasvæði á Microsoft Teams og annað er varðar störf stjórnar.

Forseti upplýsti að unnið yrði að skipan embættismanna og skipan í nefndir og ráð á milli funda en ekki væri gert ráð fyrir því að loka þeim málum fyrr en á fundi framkvæmdastjórnar 26. júní nk.

3. Erindi til ÍSí

Forseti fór yfir formleg erindi sem borist hafa framkvæmdastjórn á milli funda.

- *Áform um tillögu til þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegna kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2026-2030.* Lagt fram erindi frá dómsmálaráðuneytinu um ofangreind áform. Málið hefur verið sett í samráðsgátt stjórnvalda og ÍSí boðið að vera umsagnaraðili. Vísað til Stjórnsýslusviðs að vinna umsögn í samráði við forseta og framkvæmdastjóra.
- *Bréf IOC varðandi athugasemdir Siðanefndar IOC gagnvart forystu World Olympians Association (WOA) og svarbréf WOA.*

Bréfin lögð fram til upplýsingar um stöðu mála. Eftir því er leitað, af hálfu IOC, að ÍSí upplýsi Samtök íslenskra ólympíufara (SÍÓ) um stöðuna. Skrifstofu falið að koma upplýsingum til samtakanna.

- *Bréf frá HSV*

Lagt fram bréf frá HSV þar sem m.a. framkvæmdastjórn ÍSí er hvött til að leitast eftir samtali við íslensk stjórnvöld um að Ísland sláist í hóp þeira ríkja sem hafna því að etja kappi við íþróttafólk frá Ísrael og krefjast þess að landið verði sett í alþjóðlegt keppnisbann.

Umræður urðu um málið. Samþykkt að óska eftir fundi með utanríkisráðherra um málið. Forseti og framkvæmdastjóri hafa einnig á næstu vikum tækifæri til að ræða málið óformlega á alþjóðlegum vettvangi íþróttar og kanna stöðuna hjá systursamtökum ÍSí.

4. Heiðranir

Eftirfarandi þrjár heiðranir, sem samþykktar voru á milli funda, formlega bókaðar í fundargerð. Viðurkenningarnar, sem eru til fráfarandi stjórnarmanna ÍSí, voru afhentar í þinglok 77. Íþróttabings ÍSí.

- Garðar Svansson – Gullmerki ÍSí
- Hörður Þorsteinsson – Heiðurskross ÍSí
- Úlfur H. Hróbjartsson – Heiðurskross ÍSí

Samþykkt að sæma Atla Má Sigurðsson, varaformann DSÍ, Gullmerki ÍSí á ársþingi DSÍ þann 28. maí nk.

5. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerð lögð fram og staðfest:

- 375. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí.

6. Önnur mál

Tryggingar íþróttafélaga

Olga Bjarnadóttir ræddi mikilvægi þess að hvetja íþróttafélög til að huga vel að tryggingum sínum, til að mynda launþegatryggingu. Slíkt getur skipt sköpum ef slys verða.

Fatnaður í ólympískum verkefnum

Rætt var um fata- og búnaðarkaup ÍSí fyrir ólympísk verkefni.

Samstarf síðastliðinna ára við íþróttaframleiðandann PEAK hefur ekki verið endurnýjað og skoða þarf aðra möguleika í þeim efnum. Til viðbótar við kostnaðarþættina verður m.a. litið til nálægðar birgja, uppruna, gæða og útlits. Málið er í skoðun hjá framkvæmdastjóra í samráði við starfsfólk Afreksmiðstöðvar Íslands (AMÍ).

Fleira var ekki tekið fyrir.

Forseti þakkaði fyrir fundinn og sleit honum kl. 18:20.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.